

Kæru gestir

Gleðilegan þjóðhátíðardag. Það er mikill heiður að fá að stíga í pontu hér á Hrafnseyri á þessum degi, á fæðingarstað afmælisbarnsins Jóns Sigurðssonar.

Það er ekki laust við að maður velti fyrir sér hvað Jón sjálfur hefði hugsað ef hann hefði fengið að líta inn í framtíðina skömmu fyrir andlát sitt árið 1879. Ég á erfitt með að trúa öðru en að hann hefði verið svolítið hissa yfir öllu tilstandinu. Nú 150 árum síðar hafa verið settar upp sýningar um líf hans og störf bæði á Hrafnseyri, þar sem hann sleit barnsskónum, og í Kaupmannahöfn, þar sem hann bjó lengst. Veglegar stytur af honum standa í Reykjavík og Winnipeg, plattar og brjóstmyndir og innrammaðar myndir af honum prýða stofnanir, fyrirtæki og einkaheimili víðs vegar um land, myndir af honum eru á öllum peningaseðlum og á hverju ári halda tugþúsundir Íslendinga upp á afmælið hans með ræðuhöldum, skrudgöngum og blöðrum, eða eins og segir í texta Bjartmars Hannessonar við lag Hauks Ingibergssonar, „Sautjándi júní“, betur þekkt sem „Hæ hó og jibbí jei“:

Jóni heitnum Sigurðssyni færir forsetinn
firnamikinn árvissan og stóran blómsveiginn.
Fjallkonan í múnderingu prílar upp á pall,
með þrjáli les hún ljóð eftir löngu dauðan kall.

Jón Sigurðsson vissi auðvitað að störf hans hefðu haft þýðingu fyrir íslenskt þjóðfélag en hann hefur varla séð nákvæmlega fyrir sér hvert sú sjálfstæðisbarátta sem hann tók þátt í á 19. öld myndi leiða. Hann varð þingmaður Ísfirðinga við endurreisn Alþingis árið 1845 og lifði að sjá fyrstu stjórnarskrána, sem konungur afhenti Íslendingum árið 1874, en hann var löngu dáinn þegar Íslendingar fengu heimastjórn 1904, fullveldi 1918, stofnuðu lýðveldi 1944. Samhliða þessum áföngum var landið að færast inn í nútímann, með stækkandi þéttbýli, auknu lýðræði, tæknivæðingu og breyttum atvinnuháttum, en Jón sá hvorki rafmagnið, vélbátana né konur og eignalausar karlmenn fá kosningarétt. Hann var fallinn frá, horfinn af sviðinu, frosinn í tíma sem manneskja og sem virkur þátttakandi í stjórnmálalífinu – en ekki sem tákmynd og þjóðhetja.

Á tvö hundruð ára afmæli Jóns árið 2011 kom út frábær bók eftir Pál Björnsson sagnfræðing sem heitir *Jón forseti allur?* og fjallar um framhaldslíf Jóns Sigurðssonar. Þar lýsir Páll því hvernig Jón var endurlífgaður og mótaður sem sameiningartákn þess samfélags sem var að verða til á

Íslandi undir lok 19. aldar og við upphaf þeirrar 20. Þjóðernishyggjan var í algleymingi en samfélagið var jafnframt markað af hröðum breytingum og nýjum hugmyndalegum átökum. „Jón forseti átti að halda samfélaginu saman“, skrifar Páll, „fylla upp í sprungurnar.“ Um hann og önnur þjóðernistákn áttu Íslendingar að geta sameinast þvert á ágreiningsefni sín og flokkadrætti.

Allt frá andláti Jóns árið 1879 unnu ólíkir menn að því að styrkja hann í sessi sem þjóðhetju. Skáldin slógust um að yrkja um hann minningarkvæði og urðu sár og móðguð ef einhver annar var valinn. Eigum Jóns var safnað saman svo búa mætti til sérstakt minjasafn um hann – það voru húsgögnin hans og borðbúnaður, fatnaður og rúmföt, gleraugun hans og skriffærin, en líka tannstöngullinn hans og eyrnaskefillinn.

Vegur Jóns hefur svo aðeins haldið áfram að aukast. Honum hafa verið reist minnismerki og bautasteinar og andlit hans hefur verið sett á póstkort, boli, súkkulaði og nælur, svo fátt eitt sé nefnt. Styttan af honum á Austurvelli í Reykjavík hefur verið innlimuð í fjölskrúðugar samkomur og mótmæli og vitnað hefur verið til orða hans og skoðana á öllu milli himins og jarðar, ekki aðeins málum sem hann kynnti sér sannarlega í lifanda lífi heldur einnig málum sem honum entist ekki aldur til að mynda sér skoðun á, svo sem Evrópusamvinnu, kvótakerfi og stóriðju.

Smám saman festist fæðingardagur Jóns, 17. júní, í sessi sem þjóðhátíðardagur Íslendinga, eins og fyrrnefndur Páll Björnsson sagnfræðingur rekur í nýrri bók um sögu þjóðhátíðardagsins, Dagur þjóðar. Framan af keppti 17. júní við aðra daga um þann sess, ekki síst 2. ágúst, daginn sem Íslendingar fengu stjórnarskrá, en líka 1. desember, eftir að fullveldinu var fagnað þann dag árið 1918.

17. júní – hin nýja Jónsmessa, eins og Matthías Jochumsson kallaði hann –þótti henta vel þar sem þá væri sumarið komið og vegir orðnir færir en hvorki hafinn heyskapur né síldveiðar. 1. desember hefur þann galla að vera um hávetur, þegar það er dimmt á Íslandi og allra veðra von, þótt einum menntamanni sem tjáði sig um málið þætti hann einmitt þess vegna viðeigandi sem þjóðhátíðardagur, þar sem íslensk menning hefði „dafnað best við dauða skímu langra kvölda, en ekki í sumarsól.“

Eitt af því sem vekur athygli samtímalesanda er hversu mikið sá stíll hefur breyst sem er beitt til að skrifa og tala um Jón Sigurðsson sem þjóðhetju. Undir lok 19. aldar og fram eftir 20. öld var gjarnan skrifað um Jón í mjög háfleygum lofgjörðarstíl. Hann var hafinn til skýjanna í svo

hátíðlegum texta og af svo mikilli lotningu að í dag myndu slík skrif um nafngreindan einstakling vera túlkuð sem oflof og háð.

Hér er um að ræða breytt viðmið í stíl almennt en kannski tengist þessi breyting líka því að meðan hefðirnar eru enn í mótun þarf að gæta betur að þeim, þá má ekki hafa þær í flimtingum. Meðan 17. júní var að festa sig í sessi sem þjóðhátíðardagur var til dæmis jafnan talað um það í blöðum að á þessum degi væri alltaf gott veður. „Guð lagði til góða veðrið“ var sagt, til merkis um að Guð væri hliðhollur Jóni Sigurðssyni og fæðingardegi hans.

Í dag er algengara viðkvæði að það sé alltaf rigning á 17. júní, eða eins og segir í laginu „Hæ hó og jibbí jei“: „Um kvöldið eru alls staðar útidansleikir, / að sunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir. / En rigning bindur enda á þetta gleðigeim / því gáttir opnast himins og allir fara heim.“ Í dag er 17. júní óskoraður þjóðhátíðardagur Íslendinga, máttarvöldin þurfa ekki lengur að styðja hann sérstaklega – og það má tala um hann, og syngja um hann, af aðeins meiri léttúð en áður.

Þó geta líka verið takmörk fyrir léttúðinni. Lagið „Sautjándi júní“, eða „Hæ hó og jibbí jei“, var fyrst flutt af hljómsveitinni Dúmbó og Steina en síðar af Upplyftingu. Þegar Upplyfting tók lagið upp var textanum breytt lítillega til að falla betur að þeirri fjölskyldustemmningu sem einkenndi þjóðhátíðardaginn. Þar á meðal var línunum „Skrúðgöngurnar þramma undir lúðrasveitarleik, / lítil börn með blöðrur, hin eldri snafs og reyk“ breytt í „lítil börn með blöðrur lyfta sér á kreik“. Það þótti semsagt ekki við hæfi að tengja þjóðhátíðarhöldin við áfengisneyslu og reykingar.

Slíkar breytingar á íslenskum dægurlögum eru alls ekki óþekktar. Vestfirski skáldið Guðmundur Ingi Kristjánsson, sem var frá einu af hinum mörgu Kirkjubólum við Önundarfjörð, samdi til dæmis textann um hana Selju litlu sem margir þekkja. „Selja litla fæddist fyrir vestan, frjáls og hraust í túni lék hún sér“ en fór síðan „suðurleið í höfuðborgarvist“. Upphaflegi textinn var skrifaður á árum síðari heimsstyrjaldar, þegar Ísland var hernumið. Í honum réði knæpa Selju til að selja „setuliði drykk og léttingsmat“, sem hún lagði á borð „fyrir hermenn ásta og ævintýra, / ameríska gesti, Seljumenn“. Þegar lag var sett við ljóðið eftir stríðið og Smarakvartettinn söng það inn á plötu var hins vegar búið að breyta textanum, knæpan réði Selju til að selja „sætar vörur, drykk og léttingsmat“, ekki fyrir „hermenn ásta og ævintýra“ heldur „talsmenn ásta og ævintýra“, ekki ameríska heldur „æskuhrifna gesti – Seljumenn“. Sagan er klassísk, um saklausu

stúlkuna sem yfirgefur heimahagana og kynnist spillingunni á mölinni, en það þótti ekki rétt að ræða af of mikilli léttúð um samskipti ungra íslenskra kvenna við ameríska hermenn.

Fólk getur haft mismunandi skoðanir á því hvort gamli eða nýi textinn að „Sautjándi júní“ eða „Selju litlu“ lýsi íslensku þjóðlífi á sannverðugri hátt en þessar breytingar eru eitt lítið dæmi um það hvernig menningarhefðir eru í sífelldri mótun – dægurlagatextar en líka þjóðhetjur og hátíðarhöld. Þessar hefðir eiga hlut í að móta samfélagið og gildi þess en þær bera líka svip af samfélaginu sem þær tilheyra.

Eitt af því sem Páll Björnsson leggur áherslu á í skrifum sínum um sögu 17. júní er að þótt slík hátíðarhöld tengist íslenska þjóðríkinu nánnum böndum hafi 17. júní sem þjóðhátíðardagur ekki verið mótaður fyrst og fremst með valdboði að ofan heldur að neðan, fyrir tilstilli einstaklinga og frjálsra félagasamtaka, ekki síst íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar sem stóð í svo miklum blóma á fyrstu áratugum 20. aldar.

Það er enda ekki hægt að halda þjóðhátíð nema með þátttöku þjóðarinnar. Engin þjóðhátíð er vel heppnuð nema almenningur sýni henni áhuga og leggi sitt af mörkum. Ein af eftirminnilegri sögum um 17. júní er af Ólafsvíkingunum tveimur sem héldu upp á fæðingardag Jóns Sigurðssonar á hundrað ára afmæli hans 1911 með því að ganga á Ólafsvíkurenni með hrærða steypu í fötu og steypa minningarskjöld um Jón niður í bergið í 415 metra hæð yfir sjávarmáli. Jón Sigurðsson hafði engin sérstök tengsl við Ólafsvík en Ólafsvíkingar vildu styrkja tengsl sín við hann, heiðra hann á hæsta punkti.

Hér í Arnarfirðinum býr reyndar annar Jón sem er gott dæmi um það hvernig einstaklingar geta tekið frumkvæðið við sköpun minninga í almannarýminu en það er Jón Kr. Ólafsson söngvari, sem stofnaði tónlistarsafnið Melódíur minninganna á heimili sínu á Bíldudal. Í símaskránni er hann ekki aðeins skráður söngvari heldur minnismerkjasérfræðingur.

Í ævisögu Jóns, sem Hafliði Magnússon skráði, er lýst því „minnismerkjasystemi“ eða „minnismerkjasynfóníu“ sem Jón hefur iðkað áratugum saman, með því að setja upp víðs vegar ótal minnisvarða um einstaklinga og viðburði. Þar á meðal er minnisvarði um goðorðsmanninn og lækinn Hrafn Sveinbjarnarson hér á Hrafnseyri en einnig má nefna minnisvarða um listamanninn Mugg á Bíldudal, minnisvarða um tónskáldið Sigvalda Kaldalóns í Flatey og minnisvarða um tökum á kvikmyndinni Börn náttúrunnar við Dynjanda en þá söng Jón sjálfur

lagið Tondeleyo við fossinn. Eins og fram kemur í ævisögu Jóns hafa þessar minnisvarðaframkvæmdir ekki alltaf mætt skilningi eða áhuga annarra en hann lætur ekki deigan síga og sífellt bætast nýjar nótur í synfóníuna um það sem þessi tiltekni minnismerkjasérfræðingur telur að rétt sé að minnast.

Árið 1978 átti Jón þátt í að koma upp minnismerki um Samúel Jónsson listamann í Selárdal við Arnarfjörð. Samúel var fátækur maður sem lifði kyrrlátu lífi í afskekktum dal en skapaði þar mögnuð listaverk. Hann bar sand og möl með handafla upp úr fjörunni og hrærði sjálfur steypu í hús, myndastyttur og gosbrunn sem byggður er á hinum fræga 14. aldar ljónagarði í Alhambrahöllinni á Spáni. Í verkum Samúels mætir íslensk menning umheiminum, 20. öldin þeirri 14., á hátt sem lætur fáa ósnortna.

Eftir andlát Samúels árið 1969 fóru verk hans að láta á sjá og lágu að lokum undir skemmdum en seint á síðustu öld stofnuðu velunnarar listamannsins félag um endurreisn þeirra og viðhald. Nú starfar safn um Samúel í Selárdal sem heimsótt er af fjölda gesta á hverju sumri en sjálfboðaliðar standa vaktina við að selja aðgöngumiða og kaffi. Arfleifð Samúels er því annað gott dæmi um það sem einstaklingar geta áorkað þegar þeir taka sig saman um að halda minningu merkra manna og kvenna á lofti.

Örlögin hafa reyndar hagað því svo að nágranni Samúels í Selárdal hefur ekki orðið síður frægur en það er Gísli Gíslason á Uppsölum, hinn sérstaki einbúi sem varð landsþekktur eftir að Ómar Ragnarsson heimsótti hann með kvikmyndatökuvél árið 1981. Nú hafa áhugamenn um sögu Gísla gert upp bæinn hans á Uppsölum og á sérstakri Selárdalshátíð í ágúst verður safn um hann opnað þar. Þannig geta hálfgerðar tilviljanir líka ráðið því hverjir vekja áhuga þjóðar sinnar og hverjum er reist minnismerki; ef Ómar Ragnarsson hefði ekki verið á ferðinni í Selárdal árið 1981 hefði nafn Gísla á Uppsölum varla orðið þekkt meðal annarra en sveitunga hans.

Þess má geta að ef ég ætti að reisa næsta minnismerki hér í Arnarfirði myndi ég reisa einhvern góðan stein til minningar um verkalyðsleiðtogann Aðalheiði Hólm Spans, sem eyddi mikilvægum mótunarárum sínum á Bíldudal áður en hún flutti til Reykjavíkur og stofnaði Starfsstúlknafélagið Sókn. Ég þarf að ræða málið við Jón Kr. Ólafsson.

Það virkar kannski ekki alltaf mjög hátíðlegt að hlusta á okkur sagnfræðingana, sem viljum sífellt minna á að ekkert hafi alltaf verið eins og það er í dag, að allt sé tilbúningur og breytingum

háð, líka það sem fyrir mörgum er heilagt og óbreytanlegt, eins og þjóðhátíðir, minnisvarðar og eining þjóðarinnar. En það að allt sé breytingum háð ætti einmitt að vera hvatning til bjartsýni og athafnagleði, því það þýðir að við getum átt hlut í þessu öllu, tekið þátt í að móta það.

Það samfélag sem gat af sér þjóðhetjuna Jón Sigurðsson var allt annað en það samfélag sem við lifum í í dag – raddir kvenna heyrðust til dæmis lengi vel sjaldan í hátíðarhöldunum á 17. júní, og samsetning þjóðarinnar hvað varðar uppruna, móðurmál, hörundslit og svo framvegis var töluvert einsleitari en nú. En við þurfum heldur ekki að halda upp á 17. júní árið 2026 á sama hátt og það var gert árið 1926; þjóðhátíðardagurinn er okkar allra og hann er í sífelldri mótun.

Hæ hó og jibbí jei, það er kominn 17. júní.

Blómin springa út og þau svelgja í sig sól,

sumarið í algleymi og hálf ár enn í jól.

Í hjarta sínu fólkið gleðst og syngur lítið lag

því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

Til hamingju með afmælið!